**Kennari:**
Hrönn Axelsdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**
Verklegt og bóklegt nám í heimilisfræðistofu

**Tímafjöldi:**
6 kennslustundir

**Bekkur:**
1. bekkur

## Heimilisfræði

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilisstörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast. Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) um mataræði og næringu eru hafðar til hliðsjónar við kennslu í heimilisfræði.

<table>
<tr><th colspan="4">Heimilisfræði</th></tr>
<tr><th>Námsþættir:</th><th>Námsefni:</th><th>Hæfniviðmið:<br>Að nemendur:</th><th>Leiðir:</th></tr>
<tr><td>Næring og hollusta</td><td rowspan="2">Gott og gaman<br><br>Heimilisfræði 2<br><br>Ítarefni frá kennara</td><td>– kynnist því að til eru bæði hollar og óhollar fæðutegundir<br>– kynnist því hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar</td><td rowspan="2">Einfaldar verklegar æfingar<br><br>Sýnikennsla<br><br>Spurt og spjallað<br><br>Einstaklingsvinna<br><br>Hópavinna<br><br>Paravinna</td></tr>
<tr><td>Matreiðsla og vinnubrögð</td><td>– kynnist einföldum eldhúsáhöldum<br>– þekki dl-mál, msk. og tsk.<br>– geri sér grein fyrir því að hnífar og önnur eggjárn geta verið hættuleg<br>– fái verklega þjálfun með aðstoð kennara<br>– þjálfist í að lesa myndrænar uppskriftir<br>– hjálpi til við uppþvott og frágang</td></tr>
</table>

| | | | |
|---|---|---|---|
| Matvælafræði | | – læri nöfn algengra fæðutegunda<br>– læri að vinna með fæðuhringinn<br>– geri sér grein fyrir því hvaðan matvælin koma sem notuð eru<br>– bragði matvælin sem notuð eru | |
| Hreinlæti | | – geti þvegið sér rétt um hendur<br>– temji sér að þvo sér um hendur áður en starf hefst í eldhúsi og sest er til borðs<br>– geri sér grein fyrir því að örverur eru til í umhverfi okkar (borðklútur)<br>– læri til hvers borðklútur og diskaþurrka eru notuð<br>– hjálpi til við tiltekt og hreingerningu í eldhúsi (eldhússkápar) | |
| Neytendafræði og umhverfisvernd | | – fái fyrstu kynni af því hvernig bæta má umhverfið (sápa, vatn, einnota umbúðir, pappír) | |
| Aðrir þættir | | – læri orð og hugtök sem tengjast viðfangsefnunum<br>– geti deilt með öðrum<br>– skoði hvaða heimilisstörfum hann er fær um að taka þátt í<br>– læri borðsiði<br>– geri sér ljóst að nauðsynlegt er að fá nægan svefn og hvíld | |
| **Námsmat:** | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. | | |

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

| | |
|---|---|
| ★ | Framúrskarandi |
| ✓ | Hæfni náð |
| ◇ | Á góðri leið |
| ○ | Þarfnast þjálfunar |
| L | Lokið |
| Ó | Ólokið |
| U | Undanþága |